

BlackBerry ID-samningur

BlackBerry ID-samningurinn eða „Samningurinn“ myndar lagalegan samning á milli Research In Motion Limited, eða dótturfyrirtækja þess eða tengdra fyrirtækja sem tilgreind eru í BBSLA og sem eiga við í lögsagnarumdæmi þínu („RIM“) og:

- a) þín, sem einstaklings, í tengslum við:
 - i. stofnun og stjórnun BlackBerry-ID þíns (eins og það er skilgreint undir fyrirsögninni BlackBerry-ID skilmálar); og
 - ii. aðgang að og notkun á tiltækri BlackBerry-ID þjónustu sem þú notar sem einstaklingur (eins og skilgreint er undir fyrirsögninni BlackBerry-ID skilmálar tiltæktrar þjónustu); og
- b) fyrirtækisins eða annars aðila sem þú hefur umboð til að starfa fyrir („Fyrirtækis þíns“), í tengslum við aðgang fyrirtækis þíns og notkun þess á tiltækri þjónustu BlackBerry-ID,

í báðum tilvikum („Þú“)

MEÐ ÞVÍ AÐ SMELLA Á „ÉG SAMÞYKKI“ HÉR AÐ NEÐAN, VIÐURKENNIR ÞÚ AÐ HAFA LESIÐ, SKILIÐ OG SAMÞYKKT AÐ VERA BUNDINN AF OG FYLGJA ÞESSUM SAMNINGI. VINSAMLEGAST GÆTTU ÞESS AÐ ÞÚ HAFIR LESIÐ SAMNING ÞENNAN, ÞAR MEÐ TALIÐ ÖLL ÖNNUR SKJÖL SEM ER VÍSAÐ TIL Í TILVÍSUNUM, ÞAR MEÐ TALIÐ BBSLA (EINS OG HANN ER SKILGREINDUR HÉR AÐ NEÐAN) OG STEFNU RIM UM FRÍÐHELGI, ÁÐUR EN ÞÚ SMELLIR Á „ÉG SAMÞYKKI“ HÉR AÐ NEÐAN. EF ÞÚ SAMÞYKKIR EKKI ÞENNAN SAMNING, GETUR ÞÚ EKKI SKRÁÐ ÞIG Í BLACKBERRY-ID (EINS OG ÞAÐ ER SKILGREINT HÉR AÐ NEÐAN) EÐA FENGIÐ AÐGANG AÐ NEINNI TILTÆKRI BLACKBERRY-ID ÞJÓNUSTU.

Þú mátt ekki undirgangast samning þennan eða skrá þig fyrir BlackBerry-ID (eins og skilgreint er hér að neðan) nema þú sért bæði: (a) eldri en átján (18) ára; og (b) orðinn sjálfráða skv. lögum þíns lands.

A. BLACKBERRY-ID SKILMÁLAR

1. **BlackBerry-ID.** Til að fá aðgang að vissri RIM þjónustu og þjónustu þriðja aðila („tiltæk BlackBerry-ID þjónusta“), þarft þú að hafa BlackBerry-ID sem þú getur fengið með því að fylla út BlackBerry-ID skráningareyðublaðið.
2. **Að skrá sig fyrir BlackBerry-ID.** Skráningareyðublaðið krefst þess að þú gefir upp það tölvupóstfang sem þú vilt nota sem BlackBerry-ID, og þú verður beðinn um að veita notendaupplýsingar og að stofna aðgangsorð til að tengja við BlackBerry-ID þitt. Þegar þú hefur fengið BlackBerry-ID, getur þú notað BlackBerry-ID til að auðkenna þig, sem einstakling, þegar þú notar tiltæka þjónustu BlackBerry-ID. **Vinsamlegast hafðu í huga að í öllum tilvikum færð þú BlackBerry-ID sem einstaklingur.** Ef þú ert að nota tiltæka þjónustu BlackBerry-ID fyrir hönd fyrirtækis þíns, getur fyrirtækið verið með sinn eigin reikning hjá RIM eða hjá viðkomandi þriðja aðila, en þú munt samt þurfa að nota BlackBerry-ID til að auðkenna sjálfan þig sem notanda með notendaleyfi hjá reikningi fyrirtækisins.
3. **Ábyrgð á BlackBerry-ID.** Þú getur ekki framselt BlackBerry-ID þitt til nokkurs annars aðila. Þú berð ábyrgð á því að viðhalda leynd og öryggi aðgangsorðs þíns, og það sama á við um alla notkun þína á BlackBerry-ID. Þú samþykkir að: (a) veita sannar, nákvæmar, nógildandi og fullnægjandi upplýsingar um sjálfan þig eins og beðið er um á viðkomandi

skráningareyðublöðum; og (b) að uppfæra þessar upplýsingar strax og þörf krefur til að halda þeim sönnum, nákvæmum, núgildandi og fullnægjandi.

4. **Tilkynningaskylda til RIM.** Þú samþykkir að (i) láta RIM undireins vita um alla óleyfilega notkun aðgangsorðs þíns eða BlackBerry-ID þíns eða um öll önnur öryggisbrot, og (ii) tryggir að þú skráir þig út af þínu BlackBerry-ID við lok hvernar notkunarlotu, þar sem það er mögulegt. Þú samþykkir og viðurkennir að RIM er ekki bótaskyلت fyrir neitt tap eða skemmdir sem rekja má til þess að þú hefur verið að nota BlackBerry-ID þitt eða ekki uppfyllt þau skilyrði sem talin eru upp hér að framan.
5. **Að segja upp BlackBerry-ID.** Þú getur sagt upp reikningi þínum og aðgangi að tiltækri BlackBerry-ID þjónustu með því að skila inn uppsagnarbeiðni til RIM hvenær sem er.
6. **Uppsögn RIM á BlackBerry ID.** Að svo miklu leyti sem andstæð skilyrði í viðauka fyrir sérstaka BlackBerry-ID tiltæka þjónustu leyfa, getur RIM, skv. sinni einhliða/eigin ákvörðun, án þess að láta þig vita, án þess að stefna þér, án stjórnáráðs/legrar meðferðar og án þess að setja af stað málaferli, sagt upp eða lokað BlackBerry-ID þínu af hvaða ástæðu sem er, þ.m.t. en ekki takmarkað við: (a) brot á samningi þessum eða á öðrum samningum eða leiðbeiningum sem eru fólgnar í samningi þessum, (b) vegna beiðni frá lögreglu/firvöldum eða frá öðrum ríkisstofnunum, (c) vegna óvæntra tæknilegra vandamála eða vegna öryggisvandamála, (d) vegna engrar notkunar í mjög langan tíma, (e) vegna þess að þú hefur orðið uppvís að sviksamlegu, ólöglegu og/eða glæpsamlegu athæfi.
7. **Áhrif uppsagnar.** Uppsögn á BlackBerry-ID hefur í för með sér: (a) Að svo miku leyti sem andstæð skilyrði í viðauka fyrir sérstaka BlackBerry-ID þjónustu leyfa, eyðingu á aðgangsorði þínu og öllum tengdum upplýsingum, skrá, og því efni sem tengist BlackBerry-ID þínu (eða einhverjum hluta af því); og uppsögn eða lokun á BlackBerry-ID þínu hefur í för með sér (b) takmörkun, lokun eða útilokun á frekari eða áframhaldandi notkun á allri eða hluta af tiltækri BlackBerry-ID þjónustu. Þú samþykkir að RIM skal ekki vera bótaskyلت gagnvart þér eða nokkrum þriðja aðila vegna uppsagnar eða lokunar á BlackBerry-ID þínu, eða vegna nokkurrar takmörkunar, afturköllunar eða lokunar á frekari eða áframhaldandi notkunar á allri eða á hluta af BlackBerry-ID tiltækri þjónustu, sem af þessu gæti leitt.

B. SKILMÁLAR TILTÆKRAR ÞJÓNUSTU BLACKBERRY-ID

1. Þú verður að samþykkja samning þennan til að geta fengið aðgang að tiltækri þjónustu BlackBerry-ID. Hvað varðar aðgang þinn að og notkun á tiltækri þjónustu BlackBerry-ID, þá er samningur þessi samsettur úr skilmálum núverandi BlackBerry Solution License Agreement („**BBSLA**“), sem er sá samningur sem RIM fer eftir þegar það býður fram RIM þjónustuna fyrir BlackBerry lausnina (áður þekktur sem BlackBerry Hugbúnaðarleyfissamningurinn), eins og honum hefur verið breytt með þessum skilmálum tiltækrar þjónustu BlackBerry ID („**Þjónustuskilmálarnir**“). BBSLA er aðgengilegur á síðunni www.blackberry.com/legal. BlackBerry ID tiltæk þjónustan er „Þjónustan“ og er hún hluti af „BlackBerry-lausn“ þinni eins og þessir skilmálar eru skilgreindir í BBSLA. Tilvísanir í BBSLA til „Samningsins“ skulu, í samhengi samnings þessa, vera metnar sem tilvísanir til samnings þessa. Vinsamlegast tryggðu að þú hafir kynnt þér þessa skilmála, stefnu RIM um friðhelgi og BBSLA-samninginn áður en þú ýtir á „ÉG SAMÞYKKI“ hér að neðan.
2. **Viðaukar.** Þú getur þurft að samþykkja viðauka við samning þennan vegna sérstakrar tiltækrar þjónustu BlackBerry-ID („**Viðaukar**“). Um leið og þú samþykkir viðauka við ákveðna tiltæka BlackBerry-ID þjónustu, myndar viðaukinn hluta af þessum samningi hvað varðar þá ákveðnu tiltæku BlackBerry-ID þjónustu. Ef upp kemur ágreiningur á milli samnings þessa og einhvers viðauka, skal viðaukinn gilda en einungis um það atriði sem ágreiningurinn stendur um.

3. **Skyldur þínar vegna skráningar.** Með tilliti til þeirrar BlackBerry-ID tiltæku þjónustu sem er boðin hér að neðan, samþykkir þú að: (a) gefa réttar, nákvæmar, nógildandi og fullnægjandi upplýsingar um þig eins og beðið er um á viðeigandi skráningarblöðum („**Skráningargögn**“); og (b) viðhalda og uppfæra reglulega skráningargögnin til að þau geti haldist rétt, nákvæm, nógildandi og fullnægjandi.
4. **Innsending efnis.** Að öðru leyti en því sem er sérstaklega tilgreint í samningi þessum og viðauka við hann, framselur þessi samningur ekki að neinu leyti eignarhald á upplýsingum, gögnum, texta, hugbúnaði, tónlist, hljóðgögnum, ljósmyndum, myndefni, myndböndum, skilaboðum, merkjum eða á öðru efni eða upplýsingum („**Efni**“) sem þú sendir inn eða gerir tiltækt í tengslum við alla tiltæka þjónustu BlackBerry-ID („**Efni þitt**“). Með tilliti til þess efnis þíns sem þú gerir aðgengilegt fyrir notkun á opinberum vefsíðum eða á öðrum opinberum svæðum sem tengjast tiltækri BlackBerry-ID þjónustu, gefur þú RIM hnattrænan, eilífan, óafturkræfan, framseljanlegan, gjaldfrjálsan og ótakmarkaðan rétt til að nota, dreifa, endurframleiða, breyta, aðlaga, nota opinberlega og birta opinberlega efni þitt að svo miklu leyti sem það er sanngjarnt í tengslum við stjórnun og veitingu á tiltækri BlackBerry-ID þjónustu.
5. **Fyrirtækjareikningur.** Ef þú ert fyrirtæki eða annar lögaðili, getur þess verið krafist að þú fái þér og setjir upp fyrirtækjareiknings-ID til þess að fá aðgang að tiltækri þjónustu BlackBerry-ID. Nema þú hafir leyfi til þess frá fyrirtæki þínu, mátt þú ekki nota reikning fyrirtækisins til einkanota og þú mátt ekki framselja reikninginn í hendur nokkurs annars aðila. Þú berð ábyrgð á því að viðhalda leynd og öryggi aðgangsorðs þíns og það sama á við um alla notkun þína á fyrirtækjareiknings-ID. Þú samþykkir að: (a) veita sannar, nákvæmar, uppfærðar og fullnægjandi upplýsingar um sjálfan þig eins og beðið er um á viðkomandi skráningareyðublöðum; og (b) að uppfæra þessar upplýsingar strax og þörf krefur til að halda þeim sönnum, nákvæmum, uppfærðum og fullnægjandi.
6. **Eðli efnis á síðum sem tengjast tiltækri BlackBerry-ID þjónustu.** Þú, en ekki RIM, berð algerlega ábyrgð á efni þínu. RIM stjórnar ekki efni þínu né efni annarra sem getur orðið öllum aðgengilegt í tengslum við tiltæka BlackBerry-ID þjónustu og sem slíkt tryggir RIM ekki nákvæmni, heildstæðni eða gæði efnis og er ekki bótaskyld vegna slíks efnis. Þú skilur að með því að nota tiltæka BlackBerry-ID þjónustu hver sem hún er, kannt þú að sjá efni sem getur verið ósæmilegt, móðgandi eða athugasvert. RIM og fulltúar þess skulu hafa þann rétt (en ekki skyldu) skv. þeirra eigin ákvörðun til að forskoða, hafna, eða fjarlægja hvaða efni sem er. RIM getur sett almennar verklagsreglur og takmarkanir á notkun tiltækra BlackBerry-ID þjónustu, þ.m.t. án takmörkunar um þann hámarksfjölda daga sem skilaboð/innlegg á umræðusvæði eða annað efni birtist í tengslum við tiltæka BlackBerry-ID þjónustu og þú samþykkir að RIM beri enga ábyrgð eða bótaskyldu vegna eyðingar gagna eða vegna þess að efni geymist ekki eða hefur tapast.

Ennfremur er RIM ekki að neinu leyti ábyrgt fyrir því að allt efni sem tengist tiltækri BlackBerry-ID þjónustu sé viðeigandi eða aðgengilegt fyrir notkun á hvaða stað sem er, þ.m.t. á stöðum þar sem tiltæk BlackBerry-ID þjónusta er að jafnaði fyrir hendi og þú hefur ekki leyfi til þess að fá aðgang að efni frá stöðum þar sem efnið er ólöglegt.

7. **Hegðun við notkun þjónustunnar.** Þú samþykkir að nota ekki eða reyna að nota tiltæka BlackBerry-ID þjónustu:
 - a. til að hlaða upp, birta, senda, flytja, eða gera aðgengilegar á annan hátt nokkrar óumbeðnar eða óleyfilegar auglýsingar, kynningarefni, „ruslpóst“, „amapóst“, „keðjubréf“, „pýramídakerfi“, eða nokkurt annað óæskilegt efni, nema á þeim svæðum sem eru sérstaklega merkt fyrir slíkt efni;

- b. hlaða upp, birta, senda, flytja, eða gera aðgengilegt á annan hátt upplýsingar, hugbúnað, tæki, eða önnur gögn sem innihalda (i) veiru, trújuhest, tölvuorm, bakdyra-, eða lokunargangvirki, spillikóða, þefara, yrki, gangvirki sem eyðileggur tölvuna, eða njósnahugbúnað; eða (ii) nokkurn annan hugbúnað, tæki, upplýsingar, eða annað efni sem er líklegt til að (A) hafa neikvæð áhrif á afköst, (B) afvirkja, skemma, eða valda tjóni á, eða (C) valda eða auðvelda óleyfilegan aðgang að eða hafna leyfilegum aðgangi að, eða sem veldur því að kerfið er notað á óleyfilegan eða óviðeigandi hátt, allan hugbúnað, vélbúnað, þjónustu, kerfi, eða gögn („**Spilliforrit**“) (og ef þú verður var við tilvist einhverra slíkra spilliforríta í eða sem tengist tiltækri BlackBerry-ID þjónustu, skaltu láta RIM vita undir eins);
- c. að safna eða geyma persónulegar upplýsingar um aðra notendur án tjáðs skriflegs leyfis þessara notenda;
- d. brjóta hegðunarreglur eða aðrar viðmiðunarreglur sem geta átt við um tiltæka BlackBerry-ID þjónustu eða hluta af þeirri þjónustu;
- e. nema það sé sérstaklega leyft af RIM eða að svo miklu leyti sem bann þetta brýtur í bága við gildandi lög, að endurframleiða, tvöfalda, afrita, vendismiða, selja, versla, endurselja, eða nota í viðskiptalegum tilgangi hluta af, eða notkun á, eða aðgang að, tiltækri BlackBerry-ID þjónustu, eða vörur, upplýsingar, eða annað efni sem þú færð aðgang að í tengslum við tiltæka BlackBerry-D þjónustu, eða reyna slíkt;
- f. á nokkurn hátt sem gæti skaðað, afvirkjað, yfirhlaðið eða skemmt einhverja tiltæka BlackBerry-ID þjónustu (eða þau netkerfi sem eru tengd við slíkt setur eða þjónustu) eða trufla notkun einhverrar annarrar manneskju á tiltækri BlackBerry-ID þjónustu eða hluta af henni. Þá mátt ekki reyna að fá óleyfilegan aðgang að nokkurri tiltækri BlackBerry-ID þjónustu, öðrum reikningum, tölvukerfi eða netkerfi sem tengjast tiltækri BlackBerry-ID þjónustu, með því að brjótast inn í tölvukerfi, grafa upp aðgangsorð eða á neinn annan hátt. Þú mátt ekki nálgast eða reyna að nálgast nokkuð efni eða upplýsingar með neinum þeim hætti sem er ekki beinlínis í boði vegna aðildar að tiltækri BlackBerry-ID þjónustu;
- g. að gefa út, birta, hlaða upp, dreifa eða senda út neitt óviðeigandi, svívirðilegt, ærumeiðandi, sem rýfur friðhelgi annarra, dónalegt, ósæmilegt eða ólöglegt þema, nafn, efni eða upplýsingar;
- h. að hlaða upp, birta, flytja, miðla eða gera aðgengilegt á annan hátt efni sem: (i) Þú hefur ekki rétt til þess að gera aðgengilegt, þ.m.t. samkvæmt neinum lögum eða skv. samningi eða vegna vanefnda á skyldu (eins og hugbúnað sem er verndaður af lögum um hugverkarétt, innherjaupplýsingar, upplýsingar um aðgangsorð, einkaleyfis- og trúnaðarupplýsingar sem hafa fengist eða verið látnar í té sem hluti af starfssamböndum eða samkvæmt trúnaðarsamningum); eða (ii) gætu eða geta verið í trássi við einkaleyfi, vörumerki, viðskiptaleyndarmál, höfundarrétt, eða annan eignarétt neins aðila;
- i. að auglýsa eða bjóðast til að selja eða kaupa vörur eða þjónustu í viðskiptalegum tilgangi, nema slík tiltæk BlackBerry-ID þjónusta leyfi sérstaklega slík skilaboð;
- j. að afrita efni af spjallsvæðum fyrir dreifingu með einhverjum hætti yfir til aðila sem eru ekki þátttakendur í hinni tilgreindu tiltæku BlackBerry-ID þjónustu, eða hluta þar af, sem efnið var gert aðgengilegt fyrir; eða

- k. að villa á sér heimildir, þykjast vera annar aðili, eða fullyrða ranglega eða á annan hátt ranglega tengja sig við einstakling eða aðila, eða að stofna til falsks persónuauðkennis til að afvegaleiða aðra.
8. **Alþjóðleg notkun.** Hægt er að komast inn í suma þætti tiltækrar BlackBerry-ID þjónustu um allan heim og ef þú velur að fara inn á BlackBerry-ID þitt eða aðra hluta tiltækrar BlackBerry-ID þjónustu frá stöðum sem eru aðrir en þau lönd sem RIM gefur til kynna að slík þjónusta við félaga sé til staðar í, gerir þú slíkt af eigin frumkvæði og þú berð ábyrgð á því að uppfylla öll þau lög og reglugerðir sem kunna að gilda í viðkomandi landi, þ.m.t. þau lög sem tengjast útlutningi, innflutningi, notkun, flutningi og/eða miðlun tiltækrar BlackBerry-ID þjónustu og á því efni sem henni tengist. Vinsamlegast skoðuðu upplýsingar um sértæka tiltæka BlackBerry-ID þjónustu varðandi þá staði þar sem tiltæka BlackBerry-ID þjónustan er í boði og þar sem tengt efni er gert aðgengilegt af RIM, þ.m.t. án takmarkana, allar slíkar vörur, tæki, þjónusta eða annað efni.
9. **Breytingar á tiltækri BlackBerry-ID þjónustu.** RIM áskilur sér rétt til að breyta eða hætta tímabundið eða til frambúðar hvenær sem er eða í stuttan tíma, allri eða einhverjum hluta tiltækri BlackBerry-ID þjónustu með eða án tilkynningar. Þú samþykkir að RIM verður ekki skaðabótaskyld gagnvart þér eða nokkrum þriðja aðila fyrir neinar breytingar á þjónustu, frestun eða lokun tiltækrar BlackBerry-ID þjónustu (eða einhvers hluta þeirrar þjónustu).
10. **Þriðju aðilar.** Skrif þín og/eða samskipti við þriðju aðila gegnum eða í tengslum við tiltæka BlackBerry-ID þjónustu, þ.m.t. greiðsla fyrir og afhending á vörum eða þjónustu þriðja aðila og allir aðrir skilmálar, skilyrði, ábyrgðir, eða kynningar sem tengjast slíkum samskiptum, eru einvörðungu á milli þín og slíks þriðja aðila. Þú samþykkir að RIM skuli ekki að neinu leyti bera ábyrgð á eða vera bótaskyld fyrir neinu tjóni eða tapi af neinu tagi sem hefur átt sér stað vegna slíkra samskipta við þriðja aðila.
11. **Hugverkaréttur.** Þú viðurkennir að tiltæk BlackBerry-ID þjónusta getur innihaldið eða gert aðgengilegar upplýsingar, gögn, texta, skilaboð, verk, vörur, hugbúnað, tónlist, hljóðskrár, ljósmyndir, myndir, myndefni, vörumerki, vöruheiti, myndmerki, myndbönd, viðhengi, tengla og annað efni, efnivið og þjónustu, sem er boðið fram af RIM eða af birgjum RIM (sameiginlega nefnt „RIM-efni“). Þú mátt einungis nota RIM-efni til persónulegra nota og í samræmi við sértæka leyfisskilmála og skilyrði sem eiga við um tiltæka BlackBerry-ID þjónustu.
12. **Gerð kröfu um brot á hugverkarétti.**
- Ef þú hefur rökstuddar ástæður til að telja að gengið hafi verið á rétt þinn á þann hátt að um sé að ræða brot á höfundarrétti, eða ef hugverkaréttur þinn hefur verið brotinn að öðru leyti, vinsamlegast skilaðu eftirfarandi upplýsingum til RIM á netfangið: legalinfo@rim.com:
- rafrænni eða raunverulegri undirskrift þess aðila sem hefur umboð til að starfa fyrir hönd eiganda höfundarréttar eða fyrir hönd annarra hagsmuna á sviði hugverkaréttar;
 - lýsingu á verkinu sem nýtur höfundarréttar eða annars hugverkaréttar sem þú telur að hafi verið brotið gegn;
 - lýsingu á hvar það efni sem þú telur að sé að brjóta hugverkarétt sé staðsett innan setursins;
 - Heimilisfang þitt, símanúmer og tölvupóstfang;

- e. yfirlýsingu frá þér um að þú sért í góðri trú um að hin umdeilda notkun efnis sé ekki leyfð eða í umboði eiganda hugverkaréttar, fulltrúa hans eða leyft með lögum; og
- f. yfirlýsingu frá þér, gerða skv. lögum um meinsæri, um að upplýsingarnar hér að ofan séu réttar og að þú sért eigandi höfundarréttar eða hugverkaréttar eða hafir umboð til að starfa fyrir hönd eiganda höfundarréttar eða hugverkaréttar.

13. Uppsögn samningsins.

- a. Þú getur sagt upp öllum fyrirtækjareikningum fyrir tiltæka BlackBerry-ID þjónustu eða aðgangi þínum að allri tiltækri BlackBerry-ID þjónustu með því að skila inn uppsagnarbeiðni til RIM hvenær sem er.
- b. Til viðbótar við rétt RIM til uppsagnar eins og hann er skilgreindur í BBSLA og um leið og rétturinn fellur undir alla skilmála í Viðauka um ákveðna tiltæka BlackBerry-ID þjónustu, getur RIM, svk. sinni einhliða ákvörðun, strax og án tilkynningar til þín, án meðferðar stjórnslu eða án þess að setja af stað málaferli, sagt upp þessum samningi, fyrirtækjareikningi þínum fyrir tiltæka BlackBerry-ID þjónustu, eða ákveðnum viðauka við samning þennan, takmarkað aðgang þinn að, eða lokað aðgangi þínum að allri tiltækri BlackBerry-ID þjónustu af hvaða ástæðu sem er, þ.m.t. en ekki takmarkað við ef: (a) þú brýtur gegn samningi þessum eða gegn öðrum gildandi samningum eða viðmiðunarreglum, (b) þess er krafist af lögregluþingum eða öðrum ríkisstofnunum, (c) ef um er að ræða lokun eða breytingar á tiltækri BlackBerry-ID þjónustu (eða hluta hennar), (d) ef um er að ræða ófyrirséð tæknileg vandamál eða öryggisvandamál, (e) ef þú notar þjónustuna ekkert í mjög langan tíma, (f) ef þú hefur orðið uppvís að sviksamlegu, ólöglegu eða öðru slíku athæfi, eða (g) ef þú hefur ekki greitt gjöld sem þú skuldar í tengslum við tiltæka BlackBerry-ID þjónustu. Ennfremur samþykkir þú að RIM sé ekki bótaskyld gagnvart þér eða nokkrum þriðja aðila vegna uppsagnar þessa samnings, vegna uppsagnar viðauka við þennan samning, eða vegna takmarkana á aðgengi þínu að tiltækri BlackBerry-ID þjónustu.

C. BREYTINGAR Á SKILMÁLUM. Til viðbótar við það hvernig RIM getur uppfært eða endurskoðað BBSLA eins og skilgreint er þar, áskilur RIM sér rétt, samkvæmt sinni eigin ákvörðun, til að uppfæra eða endurskoða samning þennan, annað hvort til þess að endurspegla breytingar í viðskiptaháttum eða til að endurspegla breytingar á lögum eða breytingar á skilningi RIM á viðeigandi lögum og að birta slíka uppfærða eða endurskoðaða þjónustuskilmála á síðunni <http://www.blackberry.com/legal>. Dagsetning gildistöku hverrar uppfærslu eða endurskoðunar skal vera skráð í uppfærðum og endurskoðuðum þjónustusskilmálum. Uppfærslur og endurskoðanir á samningi þessum eru ekki afturvirkar. Þegar þessi samningur er endurskoðaður eða uppfærður, þarft þú að fara yfir og samþykkja hina endurskoðuðu eða uppfærðu útgáfu í næsta skipti þegar þú reynir að komast inn í kerfið sem veitir tiltæka BlackBerry-ID þjónustu.

Endurskoðað: 10. mars, 2011

Ég samþykki

Ég samþykki ekki